



Jafningjafræðsla Suðurlands, sumar 2020

- skýrsla

Jafningjafræðsla Suðurlands

Verkefnið *Jafningjafræðsla Suðurlands* var stofnað af Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sumarið 2020 með það að markmiði að fræða unglunga í vinnuskólum á Suðurlandi um hin ýmsu málefni á borð við vímuefni, klám og jafnrétti. Allt eru þetta málefni sem að unglingar eru forvitin um og fá oft ekki næga fræðslu um. Hugmyndafræðin er sú sama og hjá Jafningjafræðslu Hins Hússins í Reykjavík sem er í raun fyrirmyndin að Jafningjafræðslu Suðurlands. Gott samstarf var við Hitt húsið á meðan verkefninu stóð.

Teymið

Alls voru fjórir starfsmenn ráðnir til verkefnisins. Jafningjafræðsla Suðurlands sumarið 2020 samanstóð af teymi fjögurra einstaklinga, þeim Hallgerði Freyju Þorvaldsdóttur, verkstjóri (fædd 1999), Sólmundi Magnúsi Sigurðarsyni (fæddur 2001), Teiti Jóhannssyni (fæddur 2002) og Emilíu Sól Guðmundsdóttur (fædd 2003).

Okkar fyrsta verk

Starfið hjá Jafningjafræðslu Suðurlands hófst föstudaginn 22. maí. Það fyrsta sem var sett í verk var að senda tölvupóst á öll sveitarfélögin á Suðurlandi og segja frá starfinu framundan og spyrjast fyrir um áhuga á að fá jafningjafræðsluna. Hringt var í fulltrúa sveitarfélaganna til að ganga á eftir málinu og flestir ef ekki allir voru spenntir fyrir þessu verkefni og vildu endilega fá fræðsluna í sitt sveitarfélag.

Námskeið fyrir jafningjafræðara

Jafningjafræðslunámskeið Hins Hússins hófst síðan mánudaginn 25. maí og stóð það yfir í þrjár vikur. Við í Jafningjafræðslu Suðurlands sátum þetta námskeið. Það er alls ekki sjálfgefið að sjá svona flotta fyrirlesara sem stigu á svið á námskeiðinu og lærðum við heilan helling af því.

Lærdómurinn einkenndist ekki einungis af fræðslunni og fyrirlesurunum heldur líka að vera með öðrum jafningjafræðurunum úr Reykjavík og vera hluti af þeirra tengslaneti. Farið var í leiki og kafað djúpt inn á við. Það var mikilvægt því það nýttist okkur einna best í okkar eigin vinnu síðar, m.a. í hópeflisleikjum með krökkunum og til að skilja umhverfi þeirra og samfélag. Berglind og Bjarklind verkstjóri og aðstoðarverkstjóri jafningjafræðslu Hins Hússins voru okkur innan handar eftir

námskeiðið og gátum við alltaf leitað til þeirra. Var það hjálplegt þar sem við vorum að fara af stað með alveg nýtt verkefni. Við vonumst eftir áframhaldandi samstarfi við Jafningjafræðslu Hins Hússins næsta sumar ef verkefnið mun halda áfram.

Á vettvangi

15. júní hófum við síðan formlega okkar störf og stigum hin fyrstu skref í Jafningjafræðslu Suðurlands. Skipulagið var sett á fullt og var ákveðið hvar og hvenær við yrðum hvern dag (sjá skipulag hér að neðan, fylgiskjal I). Instagram-síða var stofnuð sem og Facebook-síða. Við útbjuggum lógó og gerðum okkur sýnileg á netinu. Við fórum í það að finna styrktaraðila frá smokkafyrirtækjum og fengum við 500 smokka frá Blush og 500 smokka frá Durex.

Fyrst var farið í Bláskógabyggð þann 18. júní. Við hefðum ekki geta beðið um betri fræðslufund með krökkunum í fyrstu umferð því allt gekk eins og í sögu. Auðvitað voru fundirnir breytilegir. Allir voru þeir þó jafn mikilvægir og þurfti hver og einn einasti krakki á henni að halda. Fundirnir voru engu að síður miserfiðir og tóku mismikið á okkur sem fagaðila og einstaklinga. Þar sem okkar starf snýst einna helst um að vera fyrirmyndir og sýna að við virðum skoðanir annarra þá gat oft verið erfitt að halda andlitinu þegar við tókumst á við undarleg rök unglíngana í umræðu um ýmislegt í daglegu lífi þeirra. Oftar en ekki snéri það að hugmyndum um kyn og skilgreiningu á kynjahlutverkum. Þetta kom okkur í opna skjöldu. En þegar tekist er á við erfiða og flókna umræðu er mikilvægt að þekkja teymið sitt vel og tala um hluti sem upphefja mann og hluti sem manni finnst auðveldara að taka fyrir. Þá geta hinir líka gripið inn í og staðið við bakið á manni.

Það var athyglisvert að upplifa að sveitarfélögin eru á mismunandi stað þegar kemur að fræðslu um jafnrétti og alls konar aðra hluti. Við vorum með 17 fræðslufundi í heildina og margt kom okkur á óvart á hverjum og einum þeirra eins og áður sagði. Það er okkar reynsla að unglíngarnir séu því miður almennt illa upplýstir um málefnið sem við fjölluðum einna helst um.

Heilt yfir voru unglíngarnir sem við leiðbeindum alltaf til mikillar fyrirmyndar. Aðspurð voru þau flest sáttt með fræðsluna. Það kom sem betur fer aðeins einu sinni fyrir að við sendum einn þátttakanda heim sem var að trufla fundinn.


Árangur

Í lok hvers fræðslufundar báðum við krakkana að taka nafnlausu viðhorfskönnun á Facebook. Þáttakendur voru um 600 ungmenni og rúmlega $\frac{1}{3}$ af þátttakendum tók könnunina. Stundum gleymdum við að biðja krakkana að taka könnunina. Margir af þeim voru ekki með Facebook og sumir tóku einfaldlega ekki könnunina.

Eins og sjá má á þessum myndum fyrir neðan þá fannst flest öllum fræðslan skemmtileg og nytsamleg. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gera öllum til hæfis og sumir eru einfaldlega meira upplýstir en aðrir og hafa þar af leiðandi ekki lært eins mikið og við hefðum vonast til.


Hvernig fannst þér fræðslan?

205 responses




Mér fannst fræðslan

205 responses



Ég lærði eitthvað af fræðslunni

204 responses




Questions Responses **205**

Total points: 0

Mér fannst fræðararnir

205 responses



Síðan gátu þátttakendur komið áleiðis hugleiðingum sínum eftir daginn og flest allar voru jákvæðar. Sýna þær hversu mikilvægu jafningjafræðslan er (sjá á myndinni hér fyrir neðan).

| |
|--|
| Bara gaman |
| Dagurinn var bara nokkuð góður |
| Mér fannst þetta bara fint |
| Það var gaman og skemmtilegt |
| Mér fannst þetta fræða mig ég vissi ekki allt en mart vissi ég |
| Bara fint |
| Bara mjög fint, mikilvæg fræðsla :) |
| Dagurinn finn til að byrja með, fræðararnir finir og fróðlegir. |
| Bara mjög skemmtilegur |
| Þetta var bara fint. Allt öðruvísi en ég bjóst við. |
| Mér fannst fræðslan fín, gaman í leikjunum og fræðararnir skemmtileg |
| Þetta var bara mjög skemmtilegt og fræðandi. |
| Mjög gaman |
| Mér fannst dagurinn mjög skemmtilegur og fræðarnir skemmtilegir. |

Ýmis praktísk atriði

Mikil keyrsla einkennir starf Jafningjafræðslu Suðurlands yfir sumarið en við skiptumst á að nota okkar eigin bíla þegar ekið var frá Selfossi og til nágrannasveitarfélaga. Kostnaður við eldsneyti var greiddur af verkefninu. Þegar keyrt var á staði lengra í burtu þá var bílaleigubíll fenginn. Það er mat okkar að best væri að útvega jafningjafræðslunni bifreið yfir allt sumarið. Það myndi koma sér vel þar sem starfsmennirnir eru á misgóðum bílum og henta ekki allir í þessa miklu keyrslu. Líklega yrði það ódýrara fyrir verkefnið.

Lengsta ferðalagið okkar var til Hafnar á Hornafirði sem er sex tíma keyrsla. Við hagræddum því þannig að taka fræðslufund í Skaftárhreppi á leiðinni á Höfn og taka síðan fræðslu á Höfn daginn eftir og keyra heim eftir hana. Það gekk bara mjög vel og kom það skipulag sér vel.

Næsta sumar leggjum við til að það yrði a.m.k. einn starfsmaður ráðinn í verkefnið til viðbótar þannig að teymið myndi samanstanda af fimm einstaklingum. Það myndi ekki einungis léttu af okkur þungu fargi heldur líka væri hægt að stokka hópnum meira upp um sumarið og bjóða þannig upp á fjölbreyttari fræðslufundi en einnig samvinnu. Þessi leið er farin í Jafningjafræðslu Hins Hússins og virðist hún virka vel. Fræðslufundirnir eiga það til að verða eins og handrit sem maður tekur í hverri fræðslu fyrir sig. Uppstokkun myndi koma í veg fyrir þetta. Það var oft sem að við fundum að við hefðum annað hvort þurft að hafa færri krakka í einu eða að hafa auka starfsmann í

teyminu þar sem að við vorum oft að leiðbeina 40-60 krökkum í einu. Því fylgir gífurlegt álag. Þá væri líka auðveldara fyrir okkur að taka samtöl í einrúmi við krakka þar sem að við gætum skilið hópinn eftir með tveim fræðurum en ekki einum.

Að lokum

Sumarið 2020 í Jafningjafræðslu Suðurlands var ótrúlega skemmtilegt og gefandi. Get ég talað fyrir hönd allra í teyminu þegar ég segi að við séum þakklát fyrir það tækifæri að hafa stýrt Jafningjafræðslu Suðurlands 2020. Eins og sést á þessari lokaskýrslu og skýrslunum okkar eftir hvern einasta fund er mikil þörf fyrir jafningjafræðslu fyrir unglunga. Vonum við innilega að þetta sé bara byrjunin á henni.

Við skiljum við þetta verkefni með mikla visku og reynslu sem fer vonandi til þeirra sem að munu starfa við jafningjafræðsluna næsta sumar.

Ég er heppin að hafa verið leiðtogi þessa verkefnis og er ég virkilega stolt af teyminu mínu og starfi okkar í sumar. Það er búið að vera gefandi að fá að fylgjast með Sólmundi, Teit og Emilíu þroskast og dafna í þessu starfi og sjá þau takast á við ýmis erfið og mismunandi verkefni sem sumarið færði okkur. Þetta eru þrír ólíkir og flottir einstaklingar sem höfðu svo margt fram að færa.

Fyrir hönd Jafningjafræðslu Suðurlands.

Hallgerður Freyja Þorvaldsdóttir, verkstjóri.